

# Ert þú að aðstoða lífeyrisþega?

Á *Trygg - mínar síður* er hægt að útnefna umboðsmann til að sinna málum viðskiptavina Tryggingastofnunar á vefnum. Sami umboðsmaður getur sinnt málum fleiri en eins viðskiptavinar, og eins getur viðskiptavinur haft fleiri en einn umboðsmann.

Á vefnum geta viðskiptavinir Tryggingastofnunar skoðað persónuleg gögn og unnið í sínum málum.



## Lífeyrisþegi:

- Fer inn á *Trygg - mínar síður* með sinni kennitölu og sínum veflykli.
- Veitir umboð á vefnum undir flokknum „Veita umboð“.
- Einnig er hægt að veita umboð á þar til gerðu eyðublaði. Vinsamlega hafið samband við Tryggingastofnun til að nálgast eyðublaðið eða sækjið það á eyðublaðasíðu á vefnum [www.tr.is](http://www.tr.is) og skilið til Tryggingastofnunar.

## Umboðsmaður:

- Tengist inn á inn á *Trygg - mínar síður* með sinni kennitölu og sínum veflykli.
- Fær val um að:
  - sinna eigin málum.
  - sinna málefnum eins umbjóðanda.
- Velur umbjóðanda og vinnur síðan sem umbjóðandinn þar til hann skráir sig út.

## Það er auðvelt og öruggt að tengjast:

Til að skrá sig inn á *Trygg - mínar síður* eru tveir möguleikar:

- 1) á slóðinni [www.tryggur.is](http://www.tryggur.is)
- 2) á slóðinni [www.tr.is](http://www.tr.is) og er þá smellt á efst í hægra horni síðunnar.

Við innskráningu þarf kennitölu og veflykil ríkisskattstjóra eða rafræn skilríki frá bönkunum. Veflykill skattsins er sá sami og notaður er við framtalsgerð.

## Týndur veflykill

Ef þú hefur týnt þínum veflykli er auðvelt að sækja um nýjan á vefnum [www.skattur.is](http://www.skattur.is). Þægilegast er að velja þann kost að fá veflykilinn sendan í heimabanka. Eftir að sótt hefur verið um nýjan veflykil hjá ríkisskattstjóra berst hann um leið í heimabankann. Einnig er hægt að fá veflykilinn sendan í pósti á lögheimili.

Rafræn skilríki á debetkortum færðu hjá bönkunum. Nánari upplýsingar um rafræn skilríki má finna á vefnum [www.skilriki.is](http://www.skilriki.is).

Aðstoð veitir starfsfólk Tryggingastofnunar og umboða um land allt:

- Símar: 560 4460 eða 800 6044
- Netsamtal á [www.tr.is](http://www.tr.is)
- Tölvupóstur á [tr@tr.is](mailto:tr@tr.is)
- Heimsókn í þjónustumiðstöð eða umboð um land allt.

Aðstoð er veitt alla virka daga frá kl. 8:30 til 15:30.



í samvinnu við:



Gefið út af Tryggingastofnun í desember 2010.